

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

2. maí 2017

Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna athafna mannsins um heim allan. Þar hafa allar þjóðir hlutverki að gegna. Árangur mun einungis nást með alþjóðlegri samvinnu og samstöðu þar sem öll ríki bera ábyrgð og hvert og eitt leggur sitt af mörkum. Rannsóknir, nýsköpun og tækniþróun skipta höfuðmáli þar sem þróaðar eru loftslagsvænar lausnir sem taka við af eldri tækni.

Íslendingar hafa þegar lagt mikið af mörkum. Öll raforka og orka til húshitunar verður til með nýtingu sjálfbærra orkulinda. Þannig hófust aðgerðir hér á landi til að draga úr notkun olíu og kola til húshitunar mun fyrr en víðast annars staðar. Eðlilegt er að Íslendingar njóti viðurkenningar fyrir þetta markverða frumkvæði.

Skógrækt og landgræðsla hafa verið í verulegri sókn undanfarna áratugi og öflug binding kolefnis getur verið liður í því að jafna útstreymi kolefnis frá öðrum greinum.

Á undanförunum árum hafa fjölmörg fyrirtæki lagt mikla áherslu á að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda og eru gleggstu dæmin annars vegar í minni losun flúorkolefna við álframleiðslu og hins vegar í miklum samdrætti eldsneytisnotkunar við fiskveiðar. Einnig má nefna rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja í þessu samhengi.

Engin vafi er á að þessi þróun mun halda áfram og að mikil áhersla verður á orkusparnað í samgöngum bæði með þróun sparneytnari bílvéla og eins með þróun flutningatækja sem nota aðra orkugjafa.

Mikilvægt er að hafa í huga samkeppnishæfni atvinnulífsins þegar mótaðar eru reglur á þessu sviði. Íslendingar hafa gert samkomulag við Evrópusambandið (og Noreg) um sameiginlegt viðskiptakerfi með losunarheimildir. Það felur í sér að litið er á heildarlosun allra sem undir kerfið falla í Evrópu og stefnt að samdrætti í losuninni í heild. Þannig mun eftir því sem tíminn líður þrengjast um losunarheimildir, þeim fækkar, verðið hækkar og smám saman standa óhagkvæmustu fyrirtækin ekki undir auknum kostnaði og neyðast til að loka eða grípa til stórfelldrar endurnýjunar með nýjum tækniúnaði. Ekki er unnt að líta á losun fyrirtækja sem starfa hér á landi sem séríslenskt vandamál eða setja þeim sérstakar íslenskar kvaðir. Það leysir ekki loftslagsvandann ef í staðinn verður aukin framleiðsla annars staðar í Evrópu – þar sem losunin er jafnvel meiri en hér á landi.

Einnig verður að hafa í huga að bæði samkvæmt losunarbókhaldi Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og einnig tilskipunum Evrópusambandsins gilda ákveðnar reglur um hvernig meta skuli árangur bindingar kolefnis. Þessar reglur eru ekki endilega þær sömu.

SA leggja áherslu á að atvinnulífið sinni umhverfismálum af ábyrgð, dragi úr sóun, nýti aðföng sem best, minnki úrgang og losun á öllum sviðum. Sjálfbær nýting auðlinda er lykill að farsælu atvinnulífi og velmegun þjóðar.

Virðingarfyllt,



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs.